



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Midori leikur Mendelsohn

6. og 7. mars 2014





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Glaðsheimr: 10'00''

Fiðlukonsert: 27'00''

Sinfónía: 45'00''

Aðalstyrktaraðili:



GAMMA

Midori leikur Mendelsohn

Tónleikar í Eldborg 6. og 7. mars 2014 » 19:30

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri

Midori einleikari

Oliver Kentish

Glaðsheimr (2010, frumflutningur)

Felix Mendelssohn

Fíðlukonsert í e-moll op. 64 (1838–44)

Allegro molto appassionato –

Andante –

Allegretto ma non troppo – Allegro molto vivace

Hlé

Pjotr Tsjaikovskij

Sinfónía nr. 4 í f-moll op. 36 (1877–78)

Andante sostenuto – Moderato con anima

Andantino in modo di canzone

Scherzo: Pizzicato ostinato – Allegro

Finale: Allegro con fuoco

Eivind Aadland

hljómsveitarstjóri



Eivind Aadland (1956) er einn af virtustu hljómsveitarstjórum Noregs. Hann var aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Þrándheims á árunum 2004 til 2010. Aadland hefur stjórnað öllum helstu sinfóníuhljóm-sveitum Norðurlanda og kemur reglulega fram sem gesta-stjórnandi með filharmóníuhljómsveitunum í Bergen og Ósló, sinfóníuhljómsveitum Stafangurs og Gautaborgar og Sænsku Kammersveitinni.

Utan Norðurlandanna hefur Aadland unnið mikið með sinfóníuhljómsveitum í Ástralíu, Austurlöndum fjær, Belgíu, Hollandi, Finnlandi, Skotlandi og Þýskalandi. Hann hefur einnig fengist við óperustjórn og hlutu *Töfraflautan*, *Brúðkaup Fígarós* og *Don Giovanni* afbragðs viðtökur er hann stýrði uppfærslum verkanna við Norsku óperuna.

Eivind Aadland hóf feril sinn sem fiðluleikari og lærði hjá hinum heimsþekktu fiðluleikara Yehudi Menuhin. Aadland gegndi um árabíl stöðu konsertmeistara Filharmóníuhljóm-sveitarinnar í Bergen en ákvað að venda kvæði sínu í kross og hóf nám í hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki.

Aadland myndar sterk tengsl við hljóðfæraleikarana sem hann vinnur með og á það eflaust rætur að rekja til reynslu hans sem konsertmeistara Filharmóníuhljómsveitarinnar í Bergen um árabíl og stjórnanda Kammersveitar Evrópu-sambandsins. Þetta er í sjöunda sinn sem Aadland stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum.

Aadland hefur hljóðritað sem hljómsveitarstjóri og sem fiðluleikari fyrir Hyperion, EMI, BIS og Simax.

Midori

einleikari



Midori fæddist í Japan árið 1971 og hóf fiðlunám hjá móður sinni á unga aldri. Hljómsveitarstjórinn Zubin Mehta heyrði hana spila árið 1982 og bauð henni að koma fram á nýárs-tónleikum Fílharmóníuhljómsveitarinnar í New York. Þar hlaut stúlkan standandi lófatak og ferill hennar hófst fyrir alvöru. Skömmu síðar vakti hún ekki minni athygli þegar hún sleit streng á fiðlunni tvívegis í sama konsertinum, undir stjórn Leonards Bernstein. Hún fipaðist hvergi heldur skipti á fiðlum við konsertmeistara eins og tíðkast þegar slíkt óhapp á sér stað.

Midori hefur leikið með öllum þekktustu hljómsveitum heims og hefur hljóðritað ótal geisladiska fyrir Sony Classical og Philips. Hún hefur frumflutt tónverk eftir sum helstu tónskáld samtímans, meðal annars Rodion Shchedrin, Krzysztof Penderecki og Einojuhani Rautavaara. Hún mun á næstunni koma fram á PROMS-hátíð breska útvarpsins, BBC, þar sem hún flytur nýjan konsert sem Peter Eötvös samdi handa henni og ber heitið *DoReMi*.

Um einleikarann

Ásamt því að leika með Sinfóníuhljómsveitinni nú í vikunni hefur Midori haldið námskeið fyrir tónlistarnema og kynnt tónlist í tali og tónum í skólum og stofnunum víðs vegar um Reykjavík.

Þrátt fyrir annasaman feril gefur Midori sér einnig næði til að sinna öðrum hugðarefnum. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í sálfræði og kynjafræði frá New York University árið 2000 og lauk meistaragráðu frá sama skóla fimm árum síðar. Hún er heiðursdoktor frá Yale háskóla, friðarsendiherra Sameinuðu þjóðanna og veitir forstöðu strengjateildinni við University of Southern California, þar sem hún kennir þegar hún er ekki á tónleikaferðalögum. Hún hefur unnið ötullega að því að kynna tónlist fyrir hinum efnaminni og stofnun hennar, *Midori & Friends*, stendur fyrir röð tónleika í skólum New York-borgar á ári hverju. Þá hefur hún staðið fyrir tónleikahaldi í Kosta Ríka, Myanmar, Búlgaríu, Mongólíu, Brasilíu og Kambódíu þar sem hún leitast við að ná til fólks af lægri stéttum þjóðfélagsins. Midori leikur á fiðlu sem Guarneri del Gesù smíðaði árið 1734 og kölluð er „ex-Huberman“ – þar sem hún var á fyrri hluta 20. aldar í eigu pólska fiðlusnillingans Bronislaws Huberman.

Oliver Kentish

Glaðsheimr



Oliver Kentish fæddist í Lundúnum árið 1954 og stundaði framhaldsnám í sellóleik við Royal Academy of Music. Hann kom til Íslands árið 1977 til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann kennir nú við Nýja tónlistarskólann í Reykjavík og stjórnar bæði Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og Selkórnum. Oliver er með yfir tvö hundruð verk af ýmsu tagi á skrá hjá Íslenskri tónverkamiðstöð – einleikskonserta, hljómsveitarverk, tugi sönglaga, kórverk og kammerverk af ýmsu tagi. Hann hefur þrívægis verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti og unnið til verðlauna fyrir tónsmíðar sínar. Árið 1994 pantaði breska ríkisstjórnin verk hjá honum sem gjöf til íslensku þjóðarinnar í tilefni af 50 ára afmæli Lýðveldisins. Verk Olivers hafa verið flutt víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og í Rússlandi og sum hafa ratað inn á geisladiska m.a. með Helgu Ingólfssdóttur, Rúnari Óskarssyni, Duo Harpverk og Schola cantorum.

Tónlistin á Íslandi

Þetta er frumflutningur á verki
Olivers Kentish, *Glaðsheimr*.

Oliver segir sjálfur um hið nýja verk sitt: „Í Gylfaginningu *Snorra-Eddu* er fjallað um Glaðsheim, hof í Ásgarði sem var best gert á jörðu og mest, allt að innan og utan sem gull eitt. Til þessa vísa ég í verki mínu *Glaðsheimr* sem var samið árið 2010 og tileinkað hinu nýja og glæsilega tónlistarhúsi, Hörpu. Þessi tíu mínútna konsertforleikur spannar vítt tónsvið til að undirstrika hljómgæði Eldborgar og hverfur frá veikum köflum fyrir fá hljóðfæri yfir í argandi *fortissimo* fyrir alla hljómsveitina. Greina má séríslenskt yfirbragð á verkinu, ekki síst vegna áberandi notkunar á stækkaðri ferund sem einkennir mörg íslensk þjóðlög.

Verkið hefst á eins konar sprengingu – hratt stígandi tónstigi, lúðrakall sem fljótlega leysist upp. Í kjölfarið kemur innhverfur kafla en að lokum eykst hraðinn á ný og aðalstefið birtist í heild. Lokakaflinn einkennist af marstakti sem magnast upp uns öll hljómsveitin spilar af ákafa allt til enda.“

Felix Mendelssohn

Fiðlukonsert



Felix Mendelssohn (1809–47) var 35 ára gamall þegar hann lauk við fiðlukonsertinn sem hefur verið eitt ástsælasta verk hans æ síðan. Þá átti hann ekki nema þrjú ár eftir ólífudu. Tónsnillingar 19. aldar sem náðu hárrí elli voru ólíkt færri hinum sem létust langt fyrir aldur fram. Í tilfalli Mendelssohns var þó hvorki tæringu, ástarsorg né geðsýki um að kenna. Hann lést eftir röð hjartaáfalla aðeins hálfu ári á eftir sinni ástkæru systur Fanny, sem einnig var tónskáld.

Mendelssohn var upp alinn á einu mesta menntaheimili Berlínar – Moses afi hans var virtur heimspekingur – og snemma kom í ljós að hann var gæddur einstökum hæfileikum. Hann var eitt fjölhæfasta undrabarn allra tíma; fyrir fimmtánda afmælisdag sinn hafði pilturinn samið fimm konserta, fjórar óperur og þrettán sínfóníur fyrir strengi. Sautján ára samdi hann forleikinn fræga við *Draum á Jónsmessunótt* og í Berlín stýrði hann tvítugur að aldri flutningi á *Mattheusarpassíu* Bachs sem var einn af merkisáföngum Bach-endurreisnarinnar á 19. öld.

Fiðlukonsertinn í e-moll var saminn fyrir Ferdinand David, sem var konsertmeistari Gewandhaus-hljómsveitarinnar í Leipzig og naut mikillar virðingar jafnt sem einleikari og kennari. Þrátt fyrir ótvíræða færni sína í tónsmíðum var Mendelssohn hikandi þegar kom að fiðlukonsertinum. Hann gat fyrst um verkið í bréfi til Davids dagsettu 30. júlí 1838: „Mig langar að semja fiðlukonsert handa þér næsta vetur ... það er einn í e-moll sveimandi um í höfðinu, og upphafið lætur mig hreinlega ekki í friði.“ En David þurfti að bíða í sex ár enn og eftir því sem verkið tók á sig mynd fjölgaði fyrirspurnum frá tónskáldinu um hvort hitt og þetta væri mögulegt á fiðluna. En biðin var þess virði og flestir eru á því að tillögur Davids hafi verið mjög til bóta.

Mendelssohn kemur sér beint að efninu. Einleiksfíðlan fer á flug með upphafsstefið og síðan tekur hljómsveitin við; í

meðförum hennar er stefið voldugt og dramatískt, vísar að vissu leyti veginn til Brahms. Seinna aðalstef upphafskaflans er kyrrðin uppmáluð. Mendelssohn er stundum legið á hálsi fyrir að hafa verið of „hefðbundinn“ í tónsmíðum sínum, sem er tóm þvæla. Hann var vissulega „klassískur“ í besta skilningi orðsins, en hann átti það einnig til að koma hlustendum sínum í opna skjöldu hvort sem það var með tónlistinni sjálfri eða nýstárlegri nálgun hvað formið snerti. Hér er það kadensan – staðurinn þar sem hljómsveitin þagnar og einleikarinn baðar sig í sviðsljósinu um stund – sem er á „vitlausum“ stað. Yfirleitt kemur hún undir lok þáttarins, þegar öll aðalstefin hafa hljómað aftur og tímabært að ljúka kaflanum með glæstri flugeldasýningu. En hér er kadensan í þættinum miðjum og leiðir beint inn í ítrekunina, þar sem upphafsstefið hljómar á ný. Þannig fær fiðluleikarinn enn veigameira hlutverk en ella. Kadensa hans leiðir tónlistina aftur á heimaslóðir; hún er ekki eingöngu skalar og skraut, heldur mikilvægur hlekkur í heildarformi kaflans.

Tónlistin á Íslandi

Ruth Hermanns var fyrst til að leika fiðlukonsert Mendelssohns með hljómsveit á Íslandi, í Þjóðleikhúsinu 1954 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Þá hafði verið hljómað áður í flutningi fiðluleikara með píanó-meðleik, til dæmis lék Björn Ólafsson konsertinn á nemendatónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík 1934, og Ernst Drucker og Árni Kristjánsson á tónleikum í Gamla bíói árið 1938. Sí hefur flutt konsertinn 17 sinnum og meðal þeirra sem hafa mundað fiðluna eru Isaac Stern (1955), Michael Rabin (1961), Itzhak Perlman (1978), Sif Tulinius (2002) og Tasmin Little (2005).

Ekki er síður nýstárlegt hvernig Mendelssohn tengir saman alla þættina þrjá svo þeir mynda eina heild. Þegar lokahljómur fyrsta kaflans rennur sitt skeið á enda er eitt hljóðfæri sem lætur ekki undan – fagott, sem fær liðsauka frá flautu og strengjum og læðist smám saman yfir í nýja tóntegund. Hægi kaflinn er eins konar ljóð án orða, og rennur beint inn í stutt millispil með tregafullum fiðlutónum. Málmblásarar og pákur gefa upptakt að lokaðættinum sem er glitrandi rondó, léttstígur álfadans í „Jónsmessunætur“-stílnum sem var aðalsmerki Mendelssohns alla tíð.

Pjotr Tsjajkovskíj

Sinfónía nr. 4



Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveitin hefur margoft flutt fjórðu sinfóníu Tsjajkovskíjs.

Meðal stjórnenda má nefna

Alfred Walter (1969), Karsten

Andersen (1985), Robert Henderson

(1997), Rico Sacconi (2001) og

Vladimir Ashkenazy (2006).

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands lék verkið undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar árið 2008.

Fjórða sinfónía Pjotrs Tsjajkovskíj (1840–93) hefur löngum verið talin sjálfsævisöguleg og skipar sér þannig í hóp verka á borð við fimmtu sinfóníu Beethovens og *Draumórasinfóníu* Berlioz. Varla er hægt að hugsa sér annað en að dramatískir atburðir ársins 1877 hafi sett mark sitt á tónsköpun Tsjajkovskíjs. Í desember 1876 hóf hann bréfaskipti við auðuga ekkju að nafni Nadezhda von Meck, sem var mikill tónlistarunnandi og yfir sig hrifin af Tsjajkovskíj og tónlist hans. Þau skrifuðust á í 14 ár og frú Meck styrkti Tsjajkovskíj um 500 rúblur á mánuði, með því eina skilyrði að þau hittust aldrei. Frá þessu hvikaði hún aldrei, jafnvel þótt kringumstæður væru næsta fáránlegar. Þegar frænka Tsjajkovskíjs giftist Nikolaj von Meck, syni frúarinnar, lét ekkjan sig vanta í brúðkaupið fremur en eiga það á hættu að rekast á tónskáldið sem hún dáði svo mjög.

Fjórða sinfónían var fyrsta tónverkið sem Tsjajkovskíj samdi eftir að bréfastyngni tókust með honum og frú Meck, og í bréfum sínum til hennar talar hann iðulega um „sinfóníuna okkar“. En það voru ekki samskipti við auðuga ekkju sem gerðu Tsjajkovskíj lífið óbærilegt snemma árs 1877, heldur bréf sem honum barst frá stúlku að nafni Antonína Ívanovna Miljúkóva, sem var fyrrum nemandi Tsjajkovskíjs við Tónlistarháskólann í Moskvu. Í því játaði hún ást sína – á ekki ósvipaðan hátt og Tatjana í sögu Púskins um *Jevgéní Ónegin*, sem Tsjajkovskíj var einmitt að breyta í óperu um sama leyti – og hótaði að binda enda á líf sitt ef hann ekki kvæntist henni. Tsjajkovskíj hneigðist til karla en lét til leiðast; hjónabandið var hreinasta martröð og stóð raunar ekki nema í tvær vikur. Sagan segir eitt kvöldið hafi hann staðið svo klukkutímum skipti í ánni Moskvu, staðráðinn í því að binda enda á líf sitt.

Það var í aðdraganda þessa ógæfusama hjónabands sem Tsjajkovskíj samdi „örlagasinfóníu“ sína. Skýringin sem hann gaf frú Meck á innihaldi fyrsta þáttar vísar með augljósum

hætti í undangengna atburði. Tvö öfl eigast hér við – maðurinn og örlög hans, „þetta óstöðvandi afl sem hindrar hamingju okkar.“ Dramatískur lúðrablástur upphafsins er hið eiginlega „örlagastef“ en aðalstef kaflans (*Moderato con anima*) er söguhetjan/tónskáldið. Togstreitan á sér stað á ýmsum sviðum. Tónlistarfræðingurinn Richard Taruskin hefur bent á að bæði stefin eru dansar – lúðrastefið er pólónesa og strengjastefið vals. Í úrvinnsluhluta fyrsta þáttar nær tónskáldið fram áhrifamiklum hápunkti þegar þessi tvö stef „rekast“ hvort á annað, og það þrisvar sinnum. Að lokum virðist sem örlögin hafi haft sigur í viðureigninni. Þegar valsinn hljómar undir lok þáttarins eru nóturnar þrisvar sinnum lengri en áður – þ.e.a.s. hann hljómar í tempói örlagastefsins. Hér er engu líkara en að örlögin hafi borið söguhetjuna ofurliði.

Síðari þættir símfóníunnar eru með hefðbundnara sniði. Hægi þátturinn er tregafullur með eftirminnilegu óbóstefti í upphafi, en scherzó-þátturinn einkennist af *pizzicato*-spili strengjahljóðfæra. Í lokþættinum er í aðalhlutverki rússneskt þjóðlag, *Á akrinum stóð birkitré*. Ekki var það í fyrsta sinn sem rússnesk tónskáld sóttu í þjóðararfinn í símfónískum tónsmíðum sínum. Tsjajkovskíj hafði sjálfur notað þjóðlög sem efnivið í lokþátt í tveimur af fyrri símfóníum sínum, auk þess sem Mily Balakirev notaði lagið um birkitréð í *Forleik um rússnesk stef* árið 1858.

Árni Heimir Ingólfsson

Hljómsveit á tónleikum

6. og 7. mars 2014

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Greta Guðnadóttir
Mark Reedman
Andrzej Kleina
Sigriður Hrafnkelsdóttir
Laufey Jensdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Joanna Bauer
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Auður Ingvadóttir
Lovísa Fjeldsted
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júlía Mogensen

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Elísabet Waage

PÍANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen, nátna- og skjalavörður
Sigbór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri
Una Eyþórsdóttir mannaútsjóri
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómveitarstjóri og listrænn stjórnandi



Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.

Stefán Jón: Ég var auðvitað alveg grænn fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan. **Ágústa:** Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega stuðningur í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel.

Hún kom til starfa í Sinfóníuhljóm-sveit Íslands undir lok áttunda ára-tugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í sinfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra sinfóníuhljóm-sveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gleðilegt að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargjöfjuni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

www.gamma.is



GAMMA